

Nemendapíng 21. maí, 2025

Á síðasta þingi komu fram hugmyndir um að fá að velja að vera inni eða úti á tímanum milli 8:00-8:30 áður en skóli hefst.

Þessu var breytt á þann hátt að nemendur hafa val um að vera inni í rólegum verkefnum púsla, lita, teikna, spila og svo frv. eða byrja daginn úti í leik.

Þetta hefur gefist vel og nemendur fylgt reglum bæði úti og inni. Nemendur geta haft áhrif.

Að þessu sinni voru til umræðu og skoðunar ýmsir þættir tengdir skólastarfinu. Á öllum þingum hingað til hefur verið rætt um samskipti, líðan, aðstöðu og leiðir til að bæta en að beiðni fulltrúa nemenda voru önnur umræðuefni sett fram nú.

Símabann

Hér er fjallað um kosti og galla símabanns í skólanum en á nemendapíngi í haust var það einnig rætt

- **Kostir?**
Við förum út að leika og fá súrefni. Við verðum ekki rugluð af samfélagsmiðlum. Við erum hvort sem er aldrei í símanum. Við leikum okkur meira. Leika úti allir saman. Þá er ekki hægt að hringja í foreldra sína. Núna notum við bara símann þegar skólinn er búinn. Hafa það eins og það er. Það er símabann núna, kennarinn stjórnar því. Við erum aldrei í símanum núna. Ef við erum of lengi í samfélagsmiðlunum, þá er erfitt að fara að sofa. Best eins og það er.
- **Gallar?**
Við getum ekki hringt heim þegar við erum búin í skólanum. Þetta verður erfitt fyrir unglingana held ég. Við getum ekki látið vita. Eyðileggur félagslíf krakkanna. Ekki hægt að tala við vini annars staðar. Að geta ekki hlustað á tónlist og einbeita sér. Þá er ekki hægt að vita hvort við megum leika. Til að vita hvert ég á að fara eftir skóla. Þegar ég skil ekki tungumálið. Að vera lengi að leita upplýsinga. Það vantar körfuboltavöll. Sleppa þriðju frímínútunum og fara fyrr heim
- **Hvað er hægt að gera í staðinn fyrir að fara í síma í frímínútum?**
Leika úti. Nota tölvurnar meira. Ekki breyta. Bara sofa í frímínútum. Hanga með vinum og gera ekki neitt. Hafa þetta eins og það er. Ekkert. Fara í fótbolta. Smíða kofa og sofa úti.

Skólalóðin

- **Hvað er best við skólalóðina?**
Skógurinn. Lækurinn. Aparólan og fótboltavöllurinn. Hóllinn. Rólur og klifurgrind. Vinir. Fara í leiki. Best í skóginum og í aparólunni. Vera úti. Moka. Hóllinn og lækurinn.
- **Hvernig er hægt að gera skólalóðina betri?**

Kaupa boltapumpu fyrir skólann x 5. Taka húsið af körfuboltavellinum og fá aftur körfuboltavöll. Gera jarðtrampólín. Setja bókasafnið inn í skólann. Gera við rólurnar. Meira vatn í læknum. Skipta um kurl á fótboltavellinum. Zip line. Kóngulóarróla. Fá stóra klifurgrind. Smyrja aparóluna. Leika í skóginum.

Skóladagurinn og stundaskrá

Skólatíminn ræddur. Nemendur á yngsta stigi eiga að hafa 30 kennslustundir til 13:30, miðstigi 35 til 14:30 og unglíngastigi 37.

- *Ættum við að breyta einhverju í stundaskránni? Styttu föstudagana. Ekki breyta neinu. Lengja miðvikudaga og styttu föstudagana. Sleppa síðustu frímínútunum og fara fyrr heim á daginn. Fækka stærðfræðitímum. Meira val utan skóla. Styttu föstudagana og fá heimaverkefni. Meira úti verklegt. Kenna minna á föstudögum. Fá að sleppa frístund. Hafa það eins og það er. Styttu fössarann.*

Útíkenntsla

- *Hvað er best við útíkenntsluna? Vera úti. Fáum meira D vítamín. Vera ekki að læra bara í bók. Fara á ærslabellginn. Læra nýja leiki. Læra meira um náttúruna. Að fara í Skeljavík og leika í fjörunni. Fara í leiki. Leita og finna fjársjóð. Veíða. Allt. Nemendur verða jákvæðari, meiri hreyfing. Náttúrubingó. Kubb. Skúlpúrakeppni. Gönguferðir.*
- *Hvað getum við gert betur í útíkenntslu? Kenna börnum að grilla. Gera meiri rannsóknir. Læra meira um náttúruna. Fara oftari í hvalaskoðun. Prófa að synda í sjónum. Fara í golf og frísbíggolf. Fara í feluleik út um hálfan bæ. Fara í sund. Vera lengur í fjörunni. Skoða náttúruna betur.*

Frístund og félagsmiðstöð

- *Hvað er best við frístund eða félagsmiðstöð? Gera leikrit. Spila minecraft. Leika sér. Fara á ærslabellginn. Vera með vinum. Leika í barbie húsi. Að koma með nammi og hitta vini sína. Fara í ferðir og á böll.*
- *Hvað mætti gera fleira til að gera frístund og félagsmiðstöð betri? Meira samstarf með Reykhólum og Búðardal. Leyfa fleirum að vera í OZON ráði. Finna fleiri starfsmenn svo það sé hægt að gera meira. Hafa fleiri böll í félagsmiðstöð. Að hafa stærri stað fyrir frístund. Leika í læknum. Ekki frístund og félagsmiðstöð á sama stað. Fleiri ferðalög og böll.*

Valgreinar

- *Hvað er besta við valgreinar? Íþróttaval. Heimilisfræði. Íþróttir. Ef maður hefur vinnu og hún er val. Leikskólavalið. Að vinna heima og gera dagbók. Íþróttaval er best. Fá að velja.*

- Hverju mætti bæta við?
Björgunarsveitarval x3. Brjóstsykursgerð. Fjáröflunarval x2 (Safna fyrir ferðalögum). Vinnuvalgrein, þrifa hús og gera við hluti. Hjólabrettaæfingar og rampur. Veit ekki.

Skólinn

- Hvað er best við skólann okkar?
Allir eru vinir. Við erum fá. Kennararnir. Íþróttatími. Svanur. Frímínútur. Sund. Teikna og skrifa. Heimilisfræði. Útikennsla. Kennarinn minn. Skólaíþróttir en ekki sund. Heilafrí. Það er frír matur. Allir eru góðir. Að strjúka úr frístund. Frímínútur og útikennsla.
- Hvað getum við gert betur?
Verið meira í útikennslu og náttúrufræði. Heimilisfræði. Meiri tölvukennslu. Hjálpa hinum. Tilraunir úti. Hafa meira samstarf við aðra skóla. Hafa stelpu og stráka klósett. Sleppa síðustu frímínútunum og fara fyrr heim. Útskýra betur verkefni. Hafa alltaf rúsínur með hafragrautnum. Fá efni til að smíða kofa. Við getum hlustað betur á kennarana. Gera meira verklegt. Meiri útikennsla. Leyfa krökkum að hafa áhrif á matseðilinn.

Samantekt maí 2025